

Yfirborðsmerkingar, ending og efnisnotkun – Maí 2017. Anna Kristjánsdóttir, Efla.

Góðar vel sýnilegar yfirborðsmerkingar stuðla að auknu umferðaröryggi. Hérlendis hefur þurft að endurmerkja svo gott sem allar miðlínur vega á hverju sumri vegna lélegs sýnileika þeirra eftir veturinn. Markmið verkefnisins var að skoða áhrif ýmissa þátta á endingu yfirborðsmerkinga. Var það gert út frá fyrirbyggjandi gögnum á endurskini og sýnileika vegmerkinga sem starfsmaður Vegagerðarinnar (Guðmundur Finnur Guðmundsson) hefur safnað á nokkrum stöðum á Vesturlandi.

Frá 2009 var ástand kant- og miðlínúmerkinga á þessum stöðum mælt og myndað. Einnig var ending lína af mismunandi þykkt skráð, sem og ending lína með mismunandi efnistegundum og mismunandi magni af glerperlum. Þá voru gerðar endurskinsmælingar. Þetta gagnasafn var flokkað og tengt við þrjár bakgrunnsbreytur, þ.e. aldur og gerð slitlags, árdagsumferð og fjölda snjómokstursdaga. Gögnin voru notuð til að greina endingu vegmerkinganna.

Í niðurstöðukafla skýrslunnar kemur fram að mælingarnar sem stuðst sé við séu takmarkaðar en gefa samt sterkar vísendingar. Engar af bakgrunnsbreytunum virtust hafa áhrif á endingu mið- og kantlína. Til dæmis virðist umferðarþungi ekki hafa afgerandi áhrif og ekki heldur fjöldi snjómokstursdaga, fremur spurning um hvort snjómokstur sé til staðar eða ekki. Efnisgerð og þykkt lína virðist heldur ekki hafa áhrif á endingu, þó upphafsgildi endurskinsmælinga geti verið mismunandi hvað það varðar. Þær merkingar sem skoðaðar voru í þessu verkefni dugðu aðeins fram á veturinn og endurmerkja þurfti allt að vori.